Akstursíþróttasamband Íslands

# Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 7. júlí 2015 kl. 18:00

**Mætt:**
Gunnar Bjarnason (GB), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

**Fjarverandi:**
Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Guðbergur Reynisson (GR), Þórður Bragason (ÞB)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **WiMC-QMMF Women's cross country selection - tilnefning**
   Ásta Sigurðardóttir er tilnefnd til að vera fulltrúi Íslands til þessa vals. ÞA falið að taka saman gögn fyrir skráningu, þar með talið að fá hjá henni ferilskrá fyrir akstursíþróttir.

2. **FIA Sport Grant Programme**
   Um er að ræða fjóra flokka sem hægt er að sækja um styrki í:
   1. Öryggi
   2. Skipulag og rekstur akstursíþróttasambands
   3. Þróun akstursíþrótta
   4. Samfélagsábyrgð

   Stjórn mun skoða og setja upp möguleg verkefni.

3. **FIA Road Safety Grant Programme**
   Hér er um styrki ætlaða til þess að auka umferðaröryggi í sinni víðustu mynd.
   Þó svo að hér sé um áhugaverða styrki að ræða var ákveðið að sækja ekki um styrk að svo komnu máli.

4. **Raunfundir**
   Formaður bað stjórnarmenn að stilla í hóf umgang og farsímanotkun á næsta raunfundi - við það verða fundir skilvirkari um leið og styttri.

5. **Fundur með sveitarstjóra Rangárþings Ytra**
   Formaður sagði frá fyrirhuguðum fundi með sveitarstjóra Rangárþings Ytra.

6. **Önnur mál**

Fundi lokið kl. 18:16